

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

1. gr.

Í skrá 1 með reglunum bætast eftirfarandi efni með mengunarmörkum:

|                                   | ppm | Meðalgildi<br>(MG) | mg/m <sup>3</sup> |
|-----------------------------------|-----|--------------------|-------------------|
| Asetónítríl                       | 40  |                    | 70                |
| Baríum (leysanleg sambönd sem Ba) |     |                    | 0,5               |
| Dífosfór pentoxíð                 |     |                    | 1                 |
| Dífosfór pentasúlfíð              |     |                    | 1                 |
| Fosfór pentaklóríð                |     |                    | 1                 |
| Kalsíum hýdroxíð                  |     |                    | 5                 |
| Kresól                            | 5   |                    | 22                |
| Lítíum hýdríð                     |     |                    | 0,025             |
| Naftalín                          | 10  |                    | 50                |
| Nikótín                           |     |                    | 0,5               |
| Oxalsýra                          |     |                    | 1                 |
| Píkrínsýra                        |     |                    | 0,1               |
| Platína (málmur)                  |     |                    | 1                 |
| Pýreþrum                          |     |                    | 5                 |
| Resorsínól                        | 10  |                    | 45                |
| Silfur (leysanleg sambönd sem Ag) |     |                    | 0,01              |
| Sýanamíð                          |     |                    | 2                 |
| Tin (ólífræn sambönd sem Sn)      |     |                    | 2                 |

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39. 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 91/322/EEC í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. febrúar 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Elín Blöndal.*